

D Ó M U R

Héraðsdóms Norðurlands eystra fimmtudaginn 28. nóvember 2013 í máli

nr. E-218/2012:

Snæfellsbær

(Sveinn Jónatansson hdl.)

gegn

KEA svf.

(Ólafur Rúnar Ólafsson hrl.)

Mál þetta, sem var dómtekið 27. júní sl., en endurupptekið og dómtekið á ný 3. október sl., höfðaði Snæfellsbær gegn KEA svf., Glerárgötu 36, Akureyri, þann 28. júní 2012.

Stefnandi krefst þess aðallega að viðurkenndur verði með dómi veðréttur hans í 60.000.000 króna fjárhæð á reikningi stefnda nr. 1187-86-001550 í Sparisjóði Höfð hverfinga og að veðrétturinn sé til tryggingar vegna tjóns stefnanda sem ábyrgðar maður á þremur skuldabréfum, útgefnum 4. apríl 1998, hverju að fjárhæð 60 milljónir króna, verðtryggðum miðað við vísitölu neysluverðs með grunnvísitölunni 184 og 6% ársvöxtum, sem stefnda gaf út til stefnanda til greiðslu kaupverðs samkvæmt kaupsamningi sem aðilar gerðu á árinu 1998 um hluti í Snæfelli hf.

Til vara krefst hann þess að viðurkenndur verði með dómi veðréttur hans í fjárhæð á reikningi stefnda nr. 1187-86-001550 í Sparisjóði Höfðhverfinga og að veðrétturinn sé til tryggingar vegna tjóns stefnanda sem ábyrgðarmaður á þeim tveimur skuldabréfum, útgefnum 4. apríl 1998, hverju að fjárhæð 60 milljónir króna, verðtryggðum miðað við vísitölu neysluverðs með grunnvísitölunni 184 og 6% ársvöxtum, sem stefnda gaf út til stefnanda til greiðslu kaupverðs samkvæmt kaupsamningi sem aðilar gerðu á árinu 1998 um hluti í Snæfelli hf., sem stefnandi samþykkti ekki skuldskeytingu á, þar sem Kaldbakur hf. tók yfir skyldur stefnda sem greiðandi að skuldabréfunum.

Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar.

Stefnda krefst sýknu, en til vara sýknu að svo stöddu og málskostnaðar í báðum tilvikum.

Kröfu stefnda um frávísun hluta krafna stefnanda var hrundið með úrskurði 5. febrúar sl.

I.

Á árinu 1998 seldi stefnandi stefnda öll hlutabréf sín í Snæfelli hf. fyrir 180 milljónir króna. Greitt var með þremur skuldabréfum sem stefnda gaf út 4. apríl 1998 til stefnanda. Var hvert að fjárhæð 60 milljónir króna, verðtryggt miðað við vísitölu neysluverðs með grunnvísitölu 184 og 6% ársvöxtum. Skyldi greiða bréfin með 35 afborgunum á fjögurra mánaða fresti, fyrst þann 1. júlí 2000. Vexti átti að greiða á fjögurra mánaða fresti, frá og með 1. nóvember 1998.

Stefnda setti hin seldu hlutabréf að handveði til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu afborgana og vaxta af skuldabréfunum meðan þau væru í eigu stefnanda. Tekið var fram í kaupsamningi að handveðstryggingin væri jafnframt sett stefnanda til tryggingar gegn öllu fjártjóni sem leiða kynni af vanefndum stefnda á skyldum sínum samkvæmt skuldabréfunum og kynnu að falla á stefnanda á grundvelli ábyrgðar sem hann tækist á hendur við framsal á skuldabréfunum til þriðja aðila. Jafnframt var gerð sérstök handveðsyfirlýsing, þar sem m.a. var tekið fram að hlutabréfin væru sett að veði til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu afborgana og vaxta af nánar greindum skuldabréfum sem stefnda hefði skuldbundið sig til að greiða stefnanda. Einnig var tekið fram að yrðu vanskil á skuld stefnda við handveðshafann væri honum heimilt að ganga að veðinu og láta selja það á grundvelli laga um meðferð einkamála, aðfararlaga og uppboðslaga. Á meðan hann hefði handveðið og hefði ekki leyst það til sín færi stefnda með öll réttindi og skyldur sem bréfin veittu og njóta arðs af þeim. Stefnda væri þó skylt á meðan handveðshafinn hefði handveðið, að greiða það sem bæri að greiða til að rétturinn sem fylgdi því glataðist ekki eða rýrnaði og láta veðhafanum í té skilríki fyrir að svo væri gert.

Stefnandi framseldi skuldabréfin, eitt til Sparisjóðs vélstjóra, eitt til Sparisjóðs Hafnarfjarðar og það þriðja til Landsbanka Íslands. Tók stefnandi á sig sjálfskuldar ábyrgð við framsalið.

Á árinu 2004 fór fram skuldskeyting á bréfunum. Tók við skuldinni af stefnda Kaldbakur hf., sem stefnandi segir að hafi verið hlutafélag í eigu stefnda og haldið utan um eignir þess. Hafi skuldskeytingin verið liður í að færa eignir og skuldir stefnda yfir í þetta félag.

Stefnandi samþykkti skuldskeytingu bréfs nr. 300135, sem hafði verið framselt til Sparisjóðs Hafnarfjarðar. Segir hann að ekki hafi verið leitað eftir því að hann samþykkti skuldskeytingu hinna bréfanna og hafi hann aldrei gert það.

Í stefnu er rakið að Kaldbakur hf. hafi sameinast Burðarási hf., sem síðan hafi sameinast Straumi hf. í Straum-Burðarás hf. Sparisjóður vélstjóra og Sparisjóður Hafnarfjarðar hafi sameinast árið 2006 í Byr hf., sem þar með hafi átt tvö skuldabréfanna, bréf nr. 300135 og 2865. Hafi þau bréf verið í skilum til og með 1. mars 2009, en 9. mars það ár hafi Fjármálaeftirlitið tekið yfir rekstur Straums-Burðarás hf. Á næsta gjalddaga, 1. júlí 2009, hafi Byr hf. beint kröfum að stefnanda. Hafi bæjarstjóri stefnda verið í leyfi og starfsmenn greitt 3.959.869 krónur vegna bréfs nr. 300135 og 3.713.975 krónur vegna bréfs nr. 2865. Er

bæjarstjóri hafi komið úr leyfi hafi verið farið að athuga réttarstöðu stefnanda. Hafi komið í ljós að við sameiningu Snæfells hf. og BGB hf. á árinu 2000 hafi stefnandi ekki verið upplýstur um hana og ekki verið kallað eftir hlutabréfunum sem stefnandi hafði að handveði. Hafi þau verið orðin haldlaus trygging. Stefnda hafi talið að vegna atvika við skuldskeytingu bréfanna hafi tjón stefnanda vegna þessa ekkert orðið, þar sem handveðrétturinn hafi átt að tryggja efnidir stefnda, en ekki annarra skuldara sem tækju við af stefnda. Þessari túlkun hafi stefnandi mótmælt alfarið.

Þann 9. apríl 2010 gaf stefnda út skjal sem ber yfirskriftina „Skaðleysisandlag – Nýtt veðandlag“. Setti stefnda þar 60.000.000 krónur að veði, sem skyldi koma í stað hlutabréfanna. Er meðal annars tekið fram í skjalinu að ágreiningur sé um gildi handveðssamningsins sem tryggingar. Gerði stefnda að skilyrði að stefnandi leitaði dóms fyrir almennum dómstólum fyrir kröfum sínum á hendur stefnda, en kvaðst ekki mundu bera fyrir sig fyrningu vegna krafna stefnanda, enda yrði málið höfðað fyrir 1. júlí 2012.

Stefnandi höfðaði þetta mál sem áður segir þann 28. júní 2012. Í stefnu er krafist viðurkenningar veðréttar í nánar greindum skuldabréfum, sem munu hafa verið veðsett í stað peninga með sérstöku samkomulagi aðila. Fram kom við aðalmeðferð að veðinu hefði enn verið breytt, í þá veru sem endanleg kröfugerð stefnanda hljóðar um.

Stefnandi tekur fram að hann hafi frá öndverðu mótmælt því að vera ábyrgur fyrir efnidum skuldabréfs nr. 2865, sem upphaflega hafi verið framselt Sparisjóði vélstjóra. Telji hann að ábyrgð sín hafi fallið niður, er Sparisjóður vélstjóra heimilaði skuldskeytingu þess án þess að leita samþykkis stefnanda. Byr hf., sem hafi eignast bréfið, hafi ekki fengist til að fallast á þessa afstöðu, en ekki fylgt kröfu sinni eftir með innheimtuaðgerðum. Sjálfskuldarábyrgð sín á bréfi nr. 300135 sé hins vegar óumdeild og hafi hann leyst það til sín gegn nánar tiltekinni greiðslu og á móti fengið nánar greindar einingar í Straumi. Sé enn óljóst hvert endanlegt tjón hans verði.

Stefnandi mun ekki hafa verið krafinn um greiðslu á grundvelli skuldabréfs sem mun hafa verið framselt Landsbanka Íslands. Í málinu liggur tölvupóstur, lagður fram við aðalmeðferð, þar sem aðstoðarútibússtjóri segir efnislega að lán, sem gæti samrýmst þessu bréfi, hafi verið greitt upp 6. október 2004. Stefndi kvað kröfur sínar óbreyttar, þar sem hann gæti ekki metið þennan tölvupóst sem fullnaðar kvittun.

II.

Stefnandi kveðst byggja á því að samkvæmt kaupsamningi aðila frá árinu 1998 liggja fyrir að hin veðsettu hlutabréf hafi átt að standa sem trygging fyrir skilvísri og skaðlausri greiðslu afborgana þeirra skuldabréfa sem kaupverð hinna seldu hluta hafi verið greitt með, auk vaxta og kostnaðar sem af vanefndum hlytust, sbr. 3. gr. kaupsamningsins. Hafi hin veðsettu hlutabréf jafnframt átt að standa til tryggingar á greiðslu alls fjártjóns sem stefnandi kynni að verða fyrir sem ábyrgðarmaður á greiðslu skuldabréfanna sem hann tæki á sig við framsal þeirra. Samkvæmt þessu

megi vera ljóst að ef hin veðsettu hlutabréf hefðu verðmæti í dag hefði stefnanda verið heimilt að ganga að þeim á grundvelli framangreinds kaupsamnings og þeirrar handveðsýfirlýsingar sem gerð var 25. nóvember 1998.

Hlutabréfin hafi orðið verðlaus vegna mistaka stefnda. Hafi stefnda viðurkennt ábyrgð sína á þeim mistökum og lagt fram nýtt veð, sbr. skaðleysisýfirlýsingu þess 9. apríl 2010. Samkvæmt henni komi nýja veðið að fullu í stað þeirra hlutabréfa sem upphaflega hafi verið lögð fram sem trygging og skyldi stefnandi vera eins settur og eiga sama rétt til að ganga að því veði og hann hafi haft til að ganga að upphaflega veðinu. Á grundvelli sömu röksemda og komi fram hér að framan eigi hann nú rétt á því að ganga að þeirri tryggingu og beri að fallast á kröfur hans um það.

Stefnandi kveðst mótmæla sem röngum og ósönnuðum öllum fullyrðingum stefnda um að réttur hans til að ganga að veðinu hafi fallið niður. Hvað framsal bréfanna varði, þá liggi fyrir að sérstaklega hafi verið samið um að hin umsamda veðsetning skyldi standa óhöggð, þótt stefnandi framseldi skuldabréfin sem hann fékk sem greiðslu samkvæmt kaupsamningi aðila frá 1998. Hafi það framsal því engin áhrif á rétt stefnanda til þess að ganga að hinu veðsetta.

Hvað varði þau mótmæli stefnda að hin veðsettu hlutabréf hafi aðeins verið til tryggingar á efndum þess á greiðslu skuldabréfanna, en ekki annarra skuldara sem síðar tækju við og að veðtryggingin hafi fallið niður við skuldskeytinguna þegar Kaldbakur hf. tók við sem skuldari á bréfunum, þá sé þeim alfarið hafnað. Að skipta um skuldara hafi í sumum tilvikum áhrif á ábyrgð ábyrgðarmanna og veðþola. Það sama eigi hins vegar ekki við um greiðanda skuldabréfs. Í því tilviki sem hér um ræði hafi verið um greiðanda skuldabréfs að ræða og upphaflegar tryggingar (og tryggingar sem hafi verið lagðar fram í stað þeirra) sem stefnda sem kaupandi hlutabréfanna og sem greiðandi skuldabréfanna, sem hafi verið notuð sem greiðsla fyrir hin seldu bréf, hafi sett til tryggingar á fullum efndum á viðkomandi kaupsamningi og á greiðslu viðkomandi skuldabréfa.

Samkvæmt íslenskum rétti séu bæði greiðandi, ábyrgðarmenn og veðþolar áfram bundnir við skyldur sínar samkvæmt skuldabréfum undir öllum kringumstæðum ef þeir samþykki skilmálabreytingar sem séu gerðar á viðkomandi skuldabréfum, hvort sem um sé að ræða skuldskeytingu eða aðrar skilmálabreytingar. Í því tilviki sem hér um ræði liggi fyrir að stefnda hafi samþykkt þá skuldskeytingu sem hafi átt sér stað þegar Kaldbakur hf. hafi tekið við sem skuldari að þeim skuldabréfum sem um ræði. Þetta samþykki komi fram í því að Kaldbakur hf. hafi verið nátengt stefnda eins og að framan sé lýst og sömu aðilar verið í fyrirsvari fyrir bæði félögin. Jafnframt liggi fyrir að það hafi verið Halldór Jóhannsson, framkvæmdastjóri stefnda og aðstoðarframkvæmdastjóri Kaldbaks hf., sem hafi haft samband við stefnda með tölvupósti 6. apríl 2004 og óskað eftir því að skuldskeytingin færi fram. Þar hafi hann jafnframt upplýst að fyrir lægi samningur milli stefnda og Kaldbaks hf. um að Kaldbakur hf. yfirtæki allar eignir og allar skuldir stefnda samkvæmt yfirfærslusamningi 28. desember 2001. Samkvæmt þessu liggi fyrir skýlaust samþykki stefnda fyrir því að Kaldbakur hf. tæki við sem skuldari að viðkomandi skuldabréfum og því hafi sú skuldskeyting engin áhrif á rétt stefnanda til að ganga að viðkomandi tryggingum.

Jafnframt kveðst stefnandi byggja á því að ef verði fallist á mótmæli stefnda megi vera ljóst að það hafi auðgast með ólögmætum hætti á kostnað stefnanda. Fyrir liggir að stefnda hafi ráðstafað hinum keyptu hlutabréfum og væntanlega fengið hátt verð fyrir þau þar sem verðmæti kvóta Snæfells hf. hafi hækkað verulega. Ekki liggir fyrir hvort bréfunum hafi verið ráðstafað af stefnda eða hvort þeim hafi fyrst verið ráðstafað til Kaldbaks hf., en það breyti engu, þar sem stefnda hafi selt hlut sinn í Kaldbaki hf. fyrir mjög hátt verð og innleyst þannig allan eignarhlut sinn í því félagi, þar sem vafalaust hafi verið tekið fullt tillit til verðmætis hlutabréfa í Snæfelli hf., eða þeirra verðmæta sem hafi komið í staðinn. Það sé því ljóst að með því að mótmæla skyldum sínum nú samkvæmt kaupsamningi varðandi það að halda stefnanda skaðlausum af greiðslu skuldabréfanna með veðsetningu hlutabréfanna sé hann að auðgast á kostnað stefnanda með ólögmætum hætti.

Stefnandi byggir varakröfu sína á því að þó svo að fallist yrði á það með stefnda að með samþykki stefnanda á skuldskeytingu bréfs nr. 300135 hafi hann misst rétt til að ganga að hinum umsömdu tryggingum, missi stefnandi ekki undir nokkrum kringumstæðum rétt til að ganga að veðtryggingum vegna þeirra bréfa sem hann hafi ekki samþykkt skuldskeytingu á. Stefnandi hafi ekki samþykkt skuldskeytingu bréfs nr. 2865 og bréfsins sem hafi verið framselt Landsbanka Íslands og hann haldi því fullum rétti til þess að ganga að þeim veðum sem hann hafi vegna tjóns sem hann hafi orðið fyrir vegna bréfs nr. 2865 og kunni að verða fyrir vegna sjálfskuldarábyrgðar sem hann hafi tekið á sig vegna þessara skuldabréfa.

Stefnandi kveðst byggja á því að hann hafi á engan hátt brotið gegn því skilyrði sem skaðleysifyfirlýsing stefnda byggist á, þ.e. að halda uppi öllum mögulegum vörnum gegn greiðsluskyldu sinni á skuldabréfi nr. 2865 og hann hafi engar ráðstafanir gert, hvorki hvað varði það skuldabréf né hin tvö, sem gætu falið slíkt í sér, auk þess sem hann hafi í einu og öllu upplýst stefnda um gang mála og leitað samþykkis þess fyrir öllum ráðstöfunum sem gætu haft áhrif á stöðu stefnda sem veðþola.

Stefnandi kveðst vísa til almennra reglna samninga- og kröfuréttar um skuldbind ingargildi samninga og almennra reglna eignaréttar um réttindi og skyldur veðsala og veðþola. Þá kveðst hann vísa til almennra reglna um skaðabætur innan samninga.

III.

Stefnda kveðst byggja sýknukröfu sína í fyrsta lagi á aðildarskorti. Hafi stefnandi samþykkt að Kaldbakur hf. kæmi í stað stefnda sem skuldari og samþykkt yfirlýsingu á réttindum og skyldum bæði í verki og með aðgerðarleysi sínu. Kröfu um afhendingu hlutabréfa samkvæmt handveðsyfirlýsingu hafi með réttu borið að beina að Kaldbaki hf., eða einhverjum sem leiði rétt af því félagi. Skaðleysifyfirlýsing stefnda breyti engu um þetta. Aðdragandi hennar hafi verið grímulaus hótun um að kæra fyrrum stjórnarmenn stefnda og höfða persónulega mál gegn þeim og fleirum.

Í tölvupósti frá þáverandi aðstoðarframkvæmdastjóra Kaldbaks hf., dagsettum 6. apríl 2004, komi fram tilkynning til stefnanda um að Kaldbakur hf. hafi gert samning við stefnda um yfirtöku allra eigna og skulda stefnda. Hafi Kaldbakur hf. frá árslokum 2001 verið greiðandi skuldabréfa og greitt af þeim. Með þessu sé engum vafa undirorpið að stefnanda hafi verið tilkynnt um yfirfærsluna þegar þann 6. apríl 2004 og hann þá um nokkurt skeið fengið greiðslur frá Kaldbaki hf. Liggi fyrir að stefnandi hafi samþykkt skuldskeytingu skuldabréfs nr. 300135. Þegar af þeirri ástæðu liggi fyrir að stefnandi eigi ekki kröfu á hendur stefnda. Við þetta bætist tómlæti af hans hálfu við að tryggja réttindi sín og beina kröfu að Kaldbaki hf. vegna handveðs, ef stefnandi hafi talið að handveðið ætti að halda gildi sínu eftir skuldskeytinguna og vera til tryggingar greiðslum skuldabréfanna. Það hafi hann ekki gert og verði ekki úr því bætt með því að beina kröfum að stefnda mörgum árum eftir að stefnanda hafi formlega verið tilkynnt að Kaldbakur hf. hefði tekið við öllum eignum og skuldum stefnda. Stefnda sé því ekki réttur aðili að málinu, eins og fram komi í skaðleysisyfirlýsingu aðila.

Verði ekki á það fallist að sýkna vegna aðildarskorts, kveðst stefnda byggja á því að í kaupsamningi segi að þegar stefnda sýni fram á að hafa greitt upp skuld sína samkvæmt skuldabréfunum, hvort sem sú uppgreiðsla hafi farið fram í samræmi við upphaflegt efni skuldabréfanna eða fyrr af einhverjum ástæðum, þá skuldbindi stefnandi sig til að láta hlutabréfin af hendi til stefnda. Stefnda hafi greitt kaupverðið að fullu með afhendingu skuldabréfanna. Þá hafi stefnda greitt upp skuld sína við stefnanda, með því að stefnandi hafi samþykkt Kaldbak hf. sem nýjan skuldara að bréfunum í stað stefnda.

Þá vísar stefnda til þess að handveðsyfirlýsingin frá 25. nóvember 1998 gildi um skuldir stefnda samkvæmt tilgreindum skuldabréfum og texti hennar sé skýr um það að hann gildi meðan stefnda sé skuldari bréfanna. Sé handveðssamningurinn bundinn við „persónu“ eða aðild stefnda sem aðalskuldara en vísi ekki til ábyrgðar stefnda á greiðslu skuldabréfanna, óháð því hvort skuldskeyting hefði orðið á bréfunum. Með skuldskeytingunni hafi stefnda greitt upp bréfin fyrir sitt leyti og sé skylda og ábyrgð stefnda á greiðslu þeirra fallin niður og þar með þau réttindi sem handveðssamningurinn hafi skapað. Hafi stefnandi samþykkt skuldskeytingu til Kaldbaks hf., án þess að gera nokkurn fyrirvara um, eða hefjast handa um að aðilaskipti yrðu einnig höfð að handveðssamningnum. Þá hafi stefnandi ekki beint kröfum í þessa veru að Kaldbaki hf., eða þeim sem leiði rétt frá því félagi, þó fyrir liggi að árið 2004 hafi stefnanda verið tilkynnt formlega að Kaldbakur hf. hefði tekið yfir eignir og skuldir stefnda.

Stefnda kveðst byggja á því að augljóst hafi verið að hagsmunir stefnda lægju í því að losna undan skuldbindingu sinni með því að annar skuldari kæmi að kröfunni í stað stefnda og það yrði upp frá því laust undan henni. Séu þetta almenn réttaráhrif skuldskeytingar. Hafi verið leitað samþykkis kröfuhafans vegna þessa, og hann veitt það. Eigi stefnandi því enga kröfu nú á hendur stefnda samkvæmt handveðs samningnum, eða öðrum heimildum.

Handveðsyfirlýsingin feli ekki annað í sér en veðréttindi og sé ekki hluti skulda bréfanna. Skjöl sem lúti einvörðungu að veðréttindum teljist ekki viðskiptabréf. Þau framseljast ekki með skuldabréfi án þess að meira komi til, þ.e. sérstök yfirlýsing um það. Framsal stefnanda á skuldabréfunum til fjármálastofnana, án

Þess að framsal eða yfirfærsla réttinda samkvæmt handveðsyfirlýsingu staðfesti að handveðsyfirlýsingin sé ekki hluti skuldabréfanna. Þegar stefnandi hafi samþykkt beiðni Kaldbaks hf. um skuldskeytingu hafi það staðið stefnanda næst að tryggja sér skilríki fyrir því að veðréttur samkvæmt handhafabréfi tæki einnig til þess að tryggja greiðslur skuldabréfanna þrátt fyrir eigendaskiptin, og ganga úr skugga um það, ef stefnandi taldi tilefni til að krefjast áfram veðtryggingar fyrir efndum hins nýja greiðanda. Hafi stefnandi ekki gert svo. Með skuldskeytingunni hafi verið skilið að fullu milli skuldabréfanna, sem hafi verið í eigu fjármálastofnana, og handveðsyfirlýsingarinnar. Sé skýrt að stefnda hafi ekki ætlað að ábyrgjast greiðslu annarra aðalskuldara að hinni nýju kröfu. Sé slík skuldbinding áhættusamari og meira íþyngjandi en að setja veð fyrir efndum eigin skuldar. Slík niðurstaða hefði falið í sér grundvallarbreytingu á eðli og efni handveðsyfirlýsingarinnar. Kveðst stefnda vísa um þetta til meginreglna um veðrétt og ábyrgðir, um að sérstaka yfirlýsingu þurfi ef veðsali eða ábyrgðarmaður ætli að ábyrgjast skuldir eftir skuldskeytingu. Hafi það verið á hendi Kaldbaks hf. að tryggja skuldskeytingu að kröfum sem stefnda hafi áður verið skuldari að. Hafi það enda verið svo að Kaldbakur hf. hafi gerst greiðandi að skuldum sem þetta mál sé risið af. Stefnda hafi aldrei samþykkt að ábyrgjast skuldbindingar Kaldbaks hf. eða annarra aðila gagnvart stefnanda. Skuldari sem losni undan skuldbindingu sinni við skuld skeytingu þurfi ekki að samþykkja skuldskeytinguna. Ábyrgðaraðili þurfi hins vegar með sérstökum löggerningi og yfirlýsingu til kröfuhafa að samþykkja ábyrgð fyrir þann sem taki við sem aðalskuldari kröfu. Hafi stefnda ekki samþykkt slíka ábyrgð fyrir Kaldbak hf. Sé lögð áhersla á það að skuldabréfin séu löggerningur séreðlis annars vegar og handveðsamningur annars eðlis hins vegar. Með skuldskeytingunni hafi verið skilið á milli og veðtryggingin hafi ekki raknað við.

Stefnda segir tengsl sín og handveðssamningsins engin við skuldabréfin nú. Handveðið tryggi ekki greiðslur þriðja aðila. Með skuldskeytingu á einu skulda bréfanna hafi þáverandi skuldareigandi, Sparisjóður Hafnarfjarðar, samþykkt skuld skeytingu. Hana hafi stefnandi einnig samþykkt. Stefnda eigi þarna hvergi hlut að máli og hvergi sé minnst á ábyrgð þess. Þá sé ekki minnst á handveð við þessa skuldskeytingu. Með framsali stefnda á skuldabréfunum, án þess að handveðs samningurinn væri jafnframt framseldur, hafi verið skilið á milli skuldabréfanna og veðsins. Endanleg slit hafi síðan orðið við skuldskeytinguna til Kaldbaks hf.

Þá tekur stefnda fram að stefnandi hafi ekki samþykkt skuldskeytingu á bréfi nr. 2865. Samkvæmt almennum viðskiptabréfareglum hafi framsalsábyrgð stefnanda til Sparisjóðs vélstjóra fallið sjálfkrafa niður við það að ekki var aflað samþykkis stefnanda fyrir skuldskeytingu þessa bréfs. Sé á því byggt að á stefnanda hvíli engin skuldbinding vegna þessa bréfs og þar af leiðandi geti engin skuldbinding hvílt á stefnda gagnvart stefnanda vegna bréfsins. Þá kveðst stefnda mótmæla því að tjón stefnanda vegna greiðslu á kröfu samkvæmt þessu bréfi þann 22. júlí 2009 sé á ábyrgð stefnda eða falli undir það að geta verið tryggt með handveðssamningi.

Þá vísar stefnda til þess að ekki sé vitað um afdrif eins bréfsins og engum kröfum hafi verið beint að stefnanda vegna þess. Beri að sýkna stefnda af kröfum stefnanda hvað þetta bréf varði, þar sem engra gagna njóti við um það. Þá telur stefnda að sýkna beri af kröfum stefnanda hvað varði skuldabréf nr. 2865. Hafi stefnandi greitt af því fyrir mistök, en framsalsábyrgð stefnanda á því hafi fallið niður, vegna skuld skeytingar sem stefnandi hafi ekki samþykkt. Beri a.m.k. að sýkna af svo stöddu, meðan ágreiningur kröfuhafans og stefnanda að þessu leyti verði leiddur til lykta.

Stefnda tekur fram að skaðleysisyfirlýsing hafi verið sett fram undir fyrirætluðum stefnanda um að höfða mál og jafnvel kæra til yfirvalda fyrrum stjórnarmenn og aðra sem vegna starfa sinna hafi tekið þátt í vinnu við yfirtöku BGB hf. á Snæfelli hf. árið 2000. Verði ekki framhjá því litið að stefnandi beri nokkra ábyrgð á að gæta ekki hagsmuna sinna. Samrunatilkynning hafi verið auglýst í Lögbirtingablaði. Hafi þar komið fram að hlutabréfum í Snæfelli yrði skipt út fyrir hlutabréf í yfirtökufélaginu. Tilgangur auglýsingar sem þessarar sé að þeir sem hagsmuna eigi að gæta geti brugðist við. Stefnandi hafi sýnt af sér fullkomið tómlæti og látið öll tækifæri til að gæta hagsmuna renna sér úr greipum. Kveðst stefnda byggja á því að hugsanlegt tjón sem hafi orðið vegna þess að hlutabréf fóru forgörðum verði ekki lagt á stefnda nú, heldur verði stefnandi að bera það sjálfur, fyrir að hafa ekki gætt hagsmuna sinna og sýnt af sér tómlæti við það. Með því hafi farið forgörðum öll tækifæri til að yfirvega réttarstöðu aðila og fá afstöðu Kaldbaks hf. til þess að leggja fram tryggingar, ef stefnandi teldi þörf á því, en tilkynningar um samruna hafi einmitt verið birtar af þessu tilefni. Hafi öllum, sem hafi átt hagsmuna að gæta, mátt vera ljóst af almennri umfjöllun að Snæfell hf. hafi sameinast BGB hf. og síðar Samherja hf. Stefnda kveðst með þessu ekki bera fyrir sig fyrningu, heldur það að á árinu 2009 hafi öll möguleg réttindi stefnanda á hendur stefnda verið fallin niður vegna tómlætis. Hafi stefnda enga ástæðu haft til að ætla annað en að stefnandi hefði á hartnær 10 árum gaumgæft réttindi sín og ekki getað vænst þess að árið 2009 eða síðar myndi stefnandi beina kröfum að stefnda vegna skuldar sem hafi löngu verið niður fallin gagnvart stefnda. Standi líkur til að innri endurskoðun, skjalaférlar eða önnur atvik hjá sveitarfélagi á borð við stefnanda hafi átt að leiða í ljós, að minnsta kosti við skuldskeytinguna 2004, ef stefnandi hafi talið veðtryggingu vera til staðar og hefði þá átt að hafa komið í ljós hvers kyns væri með hlutabréf í Snæfelli hf. Hefði á þeim tíma verið hægur vandi fyrir Kaldbak hf. að ná niðurstöðu með stefnanda, en það hafi ekki verið á ábyrgð eða á valdi stefnda.

Stefnda kveðst að öðru leyti mótmæla málsástæðum stefnanda. Meint eða ætlað samþykki stefnda á skuldskeytingu Kaldbaks hf. og yfirtöku þess félags á eignum og skuldum stefnda feli ekki í sér ábyrgð eða annað og meira en hefðbundin skuld skeyting á skuldabréfi. Liggi hagsmunir stefnda í því að eignir og skuldir Kaldbaks hf. verði því óviðkomandi, enda hefði samningur um annað ekkert gildi fyrir stefnda. Stefnandi geti engar réttmætar væntingar haft um annað, hafandi fengið til kynningu um þetta og samþykkt skuldskeytingu. Þá sé því mótmælt sem röngu og óviðkomandi að sami maður hafi áður verið starfsmaður Kaldbaks hf. og nú starfi hjá stefnda. Hafi það ekkert að gera með þau lögskipti þegar Kaldbakur hf. hafi yfirtekið eignir og skuldir stefnda. Þá sé sjónarmiðum um auðgun mótmælt. Við yfirtöku á eignum og skuldum jafnist báðar hliðar út og því rangt að stefnda hafi hagnast vegna verðmætis hlutabréfa í Snæfelli hf. Sé þetta málinu óviðkomandi og óljóst hvað stefnandi eigi við og hvernig sjónarmið um þetta byggji undir réttmæti krafna hans.

Stefnda kveðst vísa til almennra reglna samninga- og kröfuréttar, sem og viðskipta bréfareglna um gildi krafna, réttarreglna um framsal og aðilaskipti, almennra reglna veðréttar, sbr. og lög um samningsveð nr. 75/1997, einkum 2. mgr. 20. gr. og 23. gr. laganna.

IV.

Fyrirsvarsmenn aðila, Kristinn Jónasson bæjarstjóri og Halldór Jóhannsson, framkvæmdastjóri, gáfu skýrslur fyrir dómi.

Í framangreindri skaðleysisyfirlýsingu frá 9. apríl 2010 segir, að við sameiningu Snæfells hf. og BGB hf. hafi þess ekki verið gætt að afhenda stefnanda hlutabréf í hinu sameinaða félagi í stað hlutabréfa í Snæfelli hf. Við það hafi handhöfn bréfanna orðið haldlaus sem trygging fyrir efdum stefnda á skuldum „þess félags“ við stefnanda. Stefnda axli ábyrgð á þessum mistökum og sé skaðleysisyfirlýsingunni ætlað að gera stefnanda eins settan og og þessi mistök hefðu ekki orðið.

Mál þetta er höfðað til viðurkenningar á veðrétti stefnanda í fjármunum sem settir voru samkvæmt þessu af stefnda til tryggingar því að stefnandi yrði eins settur og hann hefði fengið hlutabréf í hinu sameinaða félagi afhent að handveði í stað hluta bréfa í Snæfelli hf. Málsókninni er því réttilega beint að stefnda og verður það ekki sýknað á grundvelli aðildarskorts.

Með vísan til framangreindrar yfirlýsingar stefnda um að það axli ábyrgð á því að stefnandi fékk ekki ný hlutabréf að handveði, verður þegar af þeirri ástæðu ekki á það fallist að sýkna beri stefnda á grundvelli þess að tómlæti stefnanda verði um það kennt að handhöfn hlutabréfanna varð haldlaus sem trygging.

Stefnandi samþykkti, eins og áður segir, skuldskeytingu á skuldabréfi nr. 300135, þannig að Kaldbakur hf. kæmi í stað stefnda sem greiðandi þess. Telur stefnda að með því hafi veðréttur stefnanda samkvæmt handveðinu fallið niður, að því er varðaði þetta skuldabréf.

Stefnandi hafði hlutabréf að handveði til tryggingar tjóni sem á hann félli vegna hugsanlegs greiðslufalls á skuldabréfinu. Hélt hann vörslum hlutabréfanna. Þótt hann leysti stefnda undan skyldu til greiðslu skuldabréfsins með því að samþykkja skuldskeytingu, felur það ekki í sér að hann hafi með því samþykkt að taka ekki fullnustu af veðinu ef greiðslufall yrði. Verður því ekki fallist á sýknukröfu stefnda, að því leyti sem hún er byggð á þessu atriði. Því síður verður á hana fallist með vísan til þess að skuldskeyting sem stefnandi samþykkti ekki, hafi orðið á hinum bréfunum tveimur, en rétt er að taka fram að ekki liggur fyrir að skuldskeyting hafi orðið á því bréfi sem var framselt Landsbanka Íslands.

Sýknukrafa stefnda er einnig á því byggð hvað varðar skuldabréf nr. 2865, að framsalsábyrgð stefnanda á því bréfi hafi fallið niður er Sparisjóður vélstjóra samþykkti skuldskeytingu á því 2. mars 2004. Hafi stefnandi greitt af bréfinu fyrir mistök og beri stefnda ekki ábyrgð á þeim.

Eins og fram kemur hér að framan kveðst stefnandi sjálfur hafa mótmælt sjálf skuldarábyrgð sinni á þessu bréfi. Hann vísar hins vegar til þess að eigandi bréfsins

hafi ekki fengist til að fallast á þá afstöðu, þótt hann hafi ekki hafist handa um að knýja stefnanda til greiðslu bréfsins.

Samkvæmt þessu er uppi ágreiningur um það milli stefnanda og eiganda bréfsins um það hvort stefnandi beri ábyrgð á greiðslu skuldar samkvæmt bréfinu. Eigandi bréfsins er ekki aðili þessa máls. Verður því ekki leyst úr ágreiningi um þetta atriði í þessu máli. Af því leiðir að ekki er unnt að slá því föstu hér að stefnandi hafi losnað undan ábyrgð á greiðslu þessa bréfs. Að þessu athuguðu er ekki unnt að útiloka að hann verði fyrir tjóni sem veðrétturinn stendur til tryggingar fyrir. Verður því að fallast á kröfu hans um viðurkenningu á að veðrétturinn standi til tryggingar því tjóni. Er rétt að taka hér sérstaklega fram að ekki er hér til umfjöllunar fjárhæð þess tjóns og að af sjálfu leiðir að veðrétturinn stendur ekki til tryggingar tjóns sem stefnanda verður með réttu sjálfum um kennt.

Samkvæmt þessu verður ekki fallist á sýknukröfu stefnda að því leyti sem hún er á þessu atriði byggð. Þótt ekki liggi fyrir samkvæmt framansögðu hvort stefnandi verði fyrir tjóni vegna þessa bréfs, sem honum verði ekki um kennt, eru ekki heldur efni til að fallast á kröfu stefnda um sýknu að svo stöddu, þar sem málið er einungis höfðað sem viðurkenningarmál.

Hvað varðar þriðja bréfið, sem mun hafa verið framselt Landsbanka Íslands, þá liggur fyrir að skuldareigandi hefur engar kröfur haft uppi á hendur stefnanda vegna þess og samkvæmt framangreindum tölvupósti er líklegast að það hafi þegar verið greitt upp. Á það verður hins vegar fallist með stefnanda að þetta liggi ekki fyrir með óyggjandi hætti og að ekki verði útilokað með öllu, með sömu röksemdum og koma fram í síðustu tveimur málsgreinum, að hann verði fyrir tjóni vegna ábyrgðar sinnar vegna framsals þessa bréfs. Verður því ekki fallist á kröfu stefnda um sýknu, eða sýknu að svo stöddu hvað þetta bréf varðar.

Samkvæmt framansögðu ber að taka kröfur stefnanda til greina. Samkvæmt þeirri niðurstöðu ber að dæma honum málskostnað, sem ákveðst 1.500.000 krónur.

Dóminn kveður upp Erlingur Sigtryggsson héraðsdómari. Gætt var ákvæðis 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991.

D Ó M S O R Ð :

Viðurkennt er að stefnandi, Snæfellsbær, eigi veðrétt í 60.000.000 króna fjárhæð á reikningi stefnda, KEA svf., nr. 1187-86-001550 í Sparisjóði Höfðhverfinga og að veðrétturinn sé til tryggingar vegna tjóns stefnanda sem ábyrgðarmaður á þremur skuldabréfum, útgefnum 4. apríl 1998, hverju að fjárhæð 60 milljónir króna, verðtryggðum miðað við vísitölu neysluverðs með grunnvísitölunni 184 og 6% ársvöxtum, sem stefnda gaf út til stefnanda til greiðslu kaupverðs samkvæmt kaupsamningi sem aðilar gerðu á árinu 1998 um hluti í Snæfelli hf.

Stefnda greiði stefnanda 1.500.000 krónur í málskostnað.

Erlingur Sigtryggsson